



## Óvænt niðurstaða reksturs ríkisins 2013

Fjársýsla ríkisins birti í seinustu viku ríkisreikning fyrir árið 2013. Þar með er komin lokaniðurstaða fyrir rekstur og efnahag ríkisins á síðasta ári. Niðurstaðan er mun betri en reiknað var með, fyrst og fremst vegna óreglulegra liða.

Það hefur margoft komið fram í Hagsjám Hagfræðideildar að markmið um að ná tókum á rekstrinum hafa ekki gengið nógu vel eftir, en kannski er aðeins að rofa til í þeim efnum.

### Enn langur vegur frá fjárlögum til lokaniðurstöðu

Ferillinn frá fjárlagafrumvarpi til endanlegrar niðurstöðu fyrir árið 2013 sýnir enn og aftur þá stöðu sem ríkisfjármálin hafa verið í lengi. Í frumvarpi var lagt af stað með 2,8 ma.kr. halla, sem hækkaði upp í rúmar 3,7 ma. kr. við afgreiðslu frumvarpsins. Við samþykkt fjárukalaga bættust nýir 16 milljarðar við hallann og þá var boðað að endanleg niðurstaða yrði mögulega um 5 ma.kr. verri. Ein 25 ma.kr. færsla vegna eignaukningar í Landsbankanum sneri dæminu algerlega við og hallinn er því um 0,7 ma.kr.

### Rekstrarárið 2013 keimlíkt þeim fyrri


Stjórnvöld töldu á sínum tíma að fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2013 bæri þess merki að aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum hefði skilað markverðum árangri. Saga þess varð því miður keimlík fjárlagafrumvörpum fyrri ára en fékk svo óvæntan endi í ríkisreikningi. Vegna mikilla áhrifa óreglulegra bókhaldsliða á endanlega niðurstöðu reksturs ríkisins er erfitt að draga miklar ályktanir út frá þeirri stærð.

Eitt stærsta markmiðið í fjárreiðum ríkisins er að draga úr skuldum og minnka vaxtabyrði og því er raunhæfara að meta árangurinn út frá þeim stærðum.

### Skuldastaða ríkisins erfið


Skuldastaða ríkissjóðs var orðin vel ásættaleg fyrir 2008, en á árunum þar á eftir jukust skuldir ríkisins

Tekjujöfnuður í fjárreiðum ríkisins




Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Ferill rekstrarniðurstöðu ríkisins 2013



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Skuldir ríkissjóðs



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið

mikið. Sé litið á heildarskuldir ríkisins eins og þær birtast í efnahagsreikningi hafa þær farið stöðugt vaxandi og voru um síðustu áramót um 1.930 ma. kr., þar af voru lífeyrisskuldbindingar rúmir 400 ma.kr. Skuldastaðan á nafnvirði stendur því nokkurn veginn í stað, en að raunvirði eru skuldirnar að lækka.

Sé miðað við hlutfall heildarskulda af vergri landsframleiðslu fór það hlutfall yfir 117% á árinu 2011, en lækkaði niður í 115% á árinu 2012. Á þann mælikvarða hafa skuldirnar svo lækkað niður í 108% á árinu 2013 sem er áfram skref í rétta átt. Þetta hlutfall er engu að síður mjög hátt í sögulegu samhengi, og einnig í samanburði við þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við.

Sé litið á hóp nokkurra ríkja sést að skuldastaða hins opinbera (ríki og sveitarfélög) á Íslandi er ekki verri en víða annars staðar. Opinberar skuldir hinna Norðurlandanna eru þó almennt vel undir 50% af landsframleiðslu. AGS spáir því að opinberar skuldir á Íslandi muni lækka mikið fram til 2019, eða um rúman fjórðung. Þróunin hér er í rétta átt, en væntanlega þarf mun meira aðhald í rekstri opinberra aðila til þess að sú spá rætist.

### Mikil vaxtabyrði vegna skulda


Þrátt fyrir að fjármögnunarkjör á markaði hafi verið hagstæð síðustu ár hefur greiðslubyrði vegna vaxta verið verulega íþyngjandi fyrir ríkissjóð. Vaxtabyrði nam undir 5% af tekjum ríkissjóðs á árunum fyrir hrún, en var um 14% í 2012 og um 13% 2013. Eins og áður segir er erfitt að nota tekjur ríkisins til viðmiðunar vegna stórra óreglulegra liða. Sé vaxtakostnaðurinn miðaður við landsframleiðslu sést að staðan hefur verið nokkuð stöðug síðustu ár.

Vaxtakostnaður ársins 2013 var nálægt 75 ma.kr. Til samanburðar má benda á að rekstur Landspítalans á því ári kostaði rúma 40 ma.kr. Vaxtakostnaður ársins 2013 var því um 80% hærri en rekstrarkostnaður spítalans.

### Þróunin á réttri leið – en of hæg


Meginniðurstaðan varðandi ríkisreikninginn fyrir 2013 er því að þróunin sé á réttri leið, en árangurinn þurfi að vera mun betri til þess að sett markmið náist.

Skuldir ríkisins sem hlutfall af VLF




Heimild: Fjárfélagshagkerfið, Fjárfélagshagkerfið og efnahagsráðuneytið

Vergar skuldir hins opinbera



Heimild: Seðlabanki Íslands, AGS

Fjármagskostnaður ríkissjóðs á verðlagi hvers árs



Heimild: Fjárfélagshagkerfið, Fjárfélagshagkerfið og efnahagsráðuneytið



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.